



















# Sylla APRÍL 2024

Beinn sími á Syllu 611-3904



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1. Annar í páskum LOKAÐ	2. Hópastarf 	3. Hópastarf 	4. Hópastarf 	5. Frjálst inni á deild	6.
7.	8. Hópastarf 	9. Hópastarf 	10. Hópastarf 	11. Hópastarf 	12. Opið á milli deilda Hvíldardót heim í þvott	13.
14.	15. Hópastarf 	16. Hópastarf 	17. SKIPULAGSDAGUR LOKAÐ	18. Hópastarf	19. Bangsadagur 	20.
21.	22. Hópastarf 	23. Hópastarf 	24. Hópastarf 	25. Sumardagurinn Fyrsti LOKAÐ 	26. SKRÁNINGADAGUR Hvíldardót heim í þvott	27.
28.	29. Hópastarf 	30. Hópastarf 				

## Apríl



### 13. grein Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna

*Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk*

Hvert barn á rétt á að segja hvað því finnst, hugsa það sem það vill og trú á það sem það vill. Mikilvægt er að skólinn kenni börnum um mannréttindi sín og þau séu skýr í daglegu starfi skólans. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að í leikskólanum sé lagður grunnur að skilningi barna á lýðræði. Börn fá tækifæri til að tjá sig um þarfir sínar og áhuga og að þær upplýsingar sem komi frá börnunum séu notaðar sem grunnur fyrir skipulagningu starfs og umhverfis skóla.

## Grænar línur

Í grænum línunum í apríl langar okkur að minna á verslanir með notaðan fatnað og fleira og nytjamarkaðina frábæru hér á Akureyri. Börnin vaxa hratt, veðrið er sífellt að breytast og allskonar klæðnaður nauðsynlegur. Oft er hægt að finna fínan klæðnað á nytjamörkuðum, sérstaklega ef hann þarf ekki endilega að endast í langan tíma s.s. ef kuldagallinn er orðinn of lítill þegar styttist í sumarið ☺

Auk þess er mikilvægt að huga að því sem við kaupum nýtt, hversu nauðsynlegt er það fyrir okkur, hvernig eru gæðin? Og að lokum hvað gerum við við fatnað og annað sem ekki nýtist okkur lengur.

[Textíll | Saman gegn sóun \(samangegnsoun.is\)](#)

[Aftur nýtt \(afturnytt.is\)](#)

[Lottan](#)

[Fataverslanir - Rauði krossinn á Íslandi \(raudikrossinn.is\)](#)

